

ÍS 47 ehf.  
Fagraholti 3  
400 Ísafjörður

Egilsstaðir, 15.12.2023  
UST202302-057/F.Æ.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.11.2023 - ÍS 47 ehf., Önundarfirði

Þann 16. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð ÍS 47 ehf., Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

#### Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Fara þarf yfir að upplýsingar um öll atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi komi fram í ársyfirliti.
2. Viðeigandi öryggisblöð skulu vera tiltæk í efnageymslu.

#### Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. **Frávikinu er lokað.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. **Frávikinu er lokað.**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. **Frávikinu er lokað.**
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Engin vöktunaráætlun hefur verið í gildi eftir að „Vöktunaráætlun fyrir Önundarfjörð - 2022“ lauk. *Vöktunaráætlun fyrir Önundarfjörð - 2023 barst eftirlitsaðila þann 5. desember 2023 og er frávikinu því lokað.*
5. Vöktunaráætlun fyrir Önundarfjörð - 2022 og 2. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sýni voru ekki tekin skv. vöktunaráætlun á meðan svæðið var hvílt frá mars og fram í ágúst árið 2023.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 5 hér að framan, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og vöktunaráætlun fyrir árið 2024 og að áætlanirnar berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2024.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur